

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Hafdísí Hrönn Hafsteinsdóttur um almannavarnaáætlun á Hengilssvæðinu.

1. *Er í gildi viðbragðs- eða almannavarnaáætlun ef kvíkugangur opnast undir Hengils-svæðinu í Ölfusi?*

Viðbragðskerfi almannavarna byggist meðal annars á sviðsábyrgðarreglunni, en hún felur í sér að sa aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins, tiltekins svæðis eða umdæmis skuli skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að höndum. Þá kemur það í hlut staðbundinna stjórnvalda, þ.e. almannavarnanefnda, að undirbúa fyrir-byggjandi ráðstafanir, þ.m.t. viðbragðsáætlanir.

Í tilefni af fyrirspurninni aflaði dómsmálaráðuneytið upplýsinga frá ríkislöggreglustjóra, sem aflaði jafnframt upplýsinga frá löggreglustjóranum á Suðurlandi. Samkvæmt upplýsingum frá embætti löggreglustjórans á Suðurlandi er ekki til staðar sertæk viðbragðsáætlun vegna þessarar sviðsmyndar en löggreglustjórinn á Suðurlandi hefur gert viðbragðsáætlun vegna hópslysa, að því leyti sem hún gæti átt við vegna þessarar sviðsmyndar. Löggreglustjórinn á Suðurlandi vinnur nú að því að meta hvort rétt væri að gera viðbragðsáætlun vegna þessarar sviðsmyndar og þá með hvaða hætti.

2. *Hvernig verður tryggt að vatn berist til höfuðborgarsvæðisins ef kvíkumyndun eða eldgos verður nærri Hellisheiðarvirkjun sem sér höfuðborgarsvæðinu fyrir orku og heitu vatni?*

Samkvæmt forsetaúrskurði fer umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið með orkumál og auðlindanýtingu, þ.m.t. öryggi raforkukerfisins og hitaveitur, og málefni tengd afhendingar-öryggi orku og heits vatns falla undir ábyrgðarsvið þess ráðuneytis. Samkvæmt framan-greindu fellur spurningin undir málefnasvið umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.